

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Birgir Gunnarsson
Dags. 4. febrúar 2021
Mnr. 2021010059



ÍSAFJARÐARBÆR

Sala á íbúðum á Hlíf I

Varðar: Heimild til að hefja sölufjerli á íbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar á Hlíf 1

Ísafjarðarbær á dag samtals 26 íbúðir á Hlíf 1 og auk þess rými á efstu hæð hússins þar sem áformað er að innrétta 3 íbúðir til viðbótar. Samtals eru þetta því 29 íbúðir. Stærð íbúðanna er frá tæplega 50 m² og upp í rúmlega 60 m².

Í tengslum við fjárhagsáætlanagerð var rætt um að hefja sölufjerli á þessum íbúðum og í minnisblaði sem var afgreitt samhliða fjárhagsáætlun kemur eftirfarandi ásetningur fram:

- Útbúnar verði 3 íbúðir á efstu hæð Hlífar og þær seldar, eða rýmið selt í núverandi ástandi.
- Fækka íbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar á Hlíf.

Það er mat sviðsstjóra Velferðarsviðs að æskilegt væri að bærinn héldi eftir 4-6 íbúðum en ekkert er því til fyrirstöðu að selja íbúðirnar að öðru leyti.

Undirritaður óskar eftir heimild til að undirbúa sölufjerli allt að 25 af þeim 29 íbúðum sem eru í eigu Ísafjarðarbæjar á Hlíf 1. Mögulegt væri líka að selja allar íbúðirnar og leigja íbúðir m.v. þörf hverju sinni fyrir þá skjólstaðinga sem þess þurfa.

Íbúar á Hlíf 1 hafa verið upplýstir um þessi áform og var sendur á þá eftirfarandi texti í kynningarbréfi frá Velferðarsviði Ísafjarðarbæjar:

„Ísafjarðarbæjar er með til skoðunar að undirbúa sölufjerli á íbúðum í eigu bæjarins á Hlíf 1. Í sölufjerlinu verður passað upp á hagsmuni núverandi leigutaka og leitast við að þetta hafi sem minnst áhrif á þá. Jafnframt að búseta þeirra verði tryggð áfram í viðkomandi íbúðum. Málið verður rætt í bæjarstjórn á næstunni og þegar liggja fyrir nánari upplýsingar um söluna þá verða íbúar upplýstir um næstu skref í málinu.“

Undirritaður telur mikilvægt að haft verði að leiðarljósi að selja eignasafnið í heilu lagi og samhliða sölunni verði núverandi íbúum tryggð áframhaldandi búseta í íbúðunum. Með þessari nálgun þ.e. að selja eignasafnið í heilu lagi verður betur hægt að tryggja þessa hagsmuni núverandi íbúa.

Með hagsmuni Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi er æskilegt að losa um þessar eignir og minnka þannig efnahagsreikning sveitarfélagsins. Með því að binda fjármuni í hátt í 30 íbúðum á Hlíf 1 þá hamlar það frekari þátttöku sveitarfélagsins í uppbyggingu húsnæðis fyrir aldraðra en með því að losa um þessar eignir opnast tækifæri til frekari þátttöku í þessháttar verkefnum.

Fyrsta skrefið í málinu er að leita eftir heimild bæjarstjórnar til að hefja sölufjerlið. Þegar tillögur eða tilboð liggja fyrir verða þau svo lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar ákvörðunar.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri